

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
22.08.22	17:00	Lögberg 101	2
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Rebekka Karlsdóttir	Guðmundur Ásgeir Guðmundsson	22.08.22	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir (Röskva)			
Viktor Ágústsson (Röskva)			
Dagur Kárason (Vaka)			
Kristmundur Pétursson fyrir Diljá Ingólfisdóttur (Röskva)			
Jón Ingvi Ingimundarson fyrir Elías Snær Torfason (Röskva) <i>Teams</i>			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Dagnýju Þóru Óskarsdóttur (Röskva)			
Kristín Brynjarsdóttir fyrir Sigríði Helgu Olafsson (Röskva)			
Andri Már Tómasson (Röskva)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Rakel Anna Boulter (Röskva)			
Draumey Ósk Ómarsdóttir (Röskva) <i>Teams</i>			
Magnús Orri Aðalsteinsson (<i>mætti 17:06</i>) (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)			
Ísak Kárason (Röskva)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Brynhildur R. Þorbjarnardóttir (Röskva)			
Sigurþór Maggi Snorrason (<i>mætti 17:30</i>) (Röskva)			
Dagmar Óladóttir (Röskva)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ			
María Sól Antonsdóttir, lánasjóðsfulltrúi SHÍ			
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)			
Svana			
Tumi			
Roman Chudov			
Guðríður Elísa Pétursdóttir			
Jóna Guðbjörg			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
<u>Menntavísindasvið:</u> Auður Eir Sigurðardóttir (Röskva)			

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 22. júní 2022 í Lögbergi-101 kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on March 10th 2022 in L-102 at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:35

Announcements and issues ahead

4. Stefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026 (kynning og umræður) 17:35-18:15

University of Iceland's policy for the period 2021-2026

5. Kjör í stjórn í Stúdentasjóðs 18:15-18:20 (atkvæðagreiðsla)

Vote to the board of the Student Fund

6. Hlé 18:20-18:30

Intermission

7. Niðurstöður stefnumótunarferðar - framkvæmdaáætlanir fastanefnda 18:30-19:20 (umræður og atkvæðagreiðsla)

Vote on the Student Council's committees implementation plans

8. Vísindaferðir í Stúdentaráð (atkvæðagreiðsla) 19:20-19:25

Vote on a proposal for Informational visits to the Student Council

9. Önnur mál 19:25-19:30

Other issues

10. Bókfærð mál

Recorded issues

11. Fundi slitið 19:30

Meeting ends

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 22. ágúst 2022 í Lögbergi-101 kl. 17:00

1. Fundur settur 17:03

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:03-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

Athugasemdir: engar

Atkvæðagreiðsla

14 samþykk,

Fundargerð samþykkt

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:35

Announcements and issues ahead

Ráðningar á skrifstofu Stúdentaráðs: Skarphéðinn Finnbogason hefur verið ráðinn inn sem samskiptafulltrúi SHÍ í tengslum við Októberfest.

Októberfest og Nýnemadagar: Minnisblað með helstu upplýsingum um Októberfest SHÍ og nýnemadagana sem fram fara 5. - 9. september mun koma inn á heimasvæðið fyrir helgi.

- i. Forseti fer yfir mikilvægi samvinnu svo að hátíðin geti farið fram.
 1. Andri: Er komið eitthvað á hreint varðandi uppsetningu og niðurrif? Forseti svarar að því miður eru engir tímar staðfestir fyrir það - þetta sé undir verktakanum komið og að SHÍ muni láta vita um leið og það er á hreinu.
- ii. Farið yfir Kick-Off vikuna, Smitten-Laugina, Ölympíuleikana og Mini-Októberfest-tjaldið.
- iii. Bás á mánudeginum þar sem störf hagsmunafulltrúa og lánasjóðsfulltrúa eru kynnt. Verðum svo með vaktir á þjónustuborði.
- iv. Umhverfis- og samgöngunefnd er að skipuleggja grænan nýnemadag.

Stjórn Stúdentaráðs: Stjórn hefur fundað þrisvar sinnum frá seinasta Stúdentaráðsfundi. Sagt frá síðustu fundum stjórnar og því sem þar fór fram.

- v. Ný ráðning samskiptafulltrúa rædd og samningar SHÍ við styrktaraðila.

STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS FUNDARGERÐ

Opnunartími skrifstofu: Þann 29. ágúst mun opnunartími skrifstofunnar lengjast og verður skrifstofan þá opin alla virka daga frá kl. 10-17 á ný.

Hjólað í háskólann: fer að öllum líkindum fram 12. -22. september. Framkvæmda- og tæknisvið er að vinna að útfærslu í samstarfi við ÍSÍ, Umhverfis- og samgöngunefnd og skrifstofu Stúdentaráðs. Áhersla verður lögð á alla vistvæna samgöngumáta (ekki bara hjól) og verið er að leita leiða til að útfæra keppni á milli nemendafélaganna.

Fundir fulltrúaráðs LÍS og minnisblað um Menntasjóð námsmanna.

- vi. Fulltrúarráðið hefur samþykkt minnisblað varðandi Menntasjóðinn. María Sól átti stóran þátt í þessu bréfi þannig að áherslur SHÍ koma skýrt fram.. Bréfið verður vonandi til umræðu á næsta samráðsfundi.

Miðlægur starfshópur um Sögu. Forseti Stúdentaráðs hefur fengið áheyrnarrétt í miðlægum starfshópi um Sögu. Fyrsti fundur sem forseti er boðaður á fer fram 18. ágúst. Upplýst verður um efni fundarins eftir því sem við á.

- vii. Forseti mun tryggja að rödd nemenda og sjónarhorn stúdenta skíni í gegn á þessum vettvangi. Allt óljóst enn þá og ekki mikið um ákvarðanatökur hingað til.
 1. Rake! Anna: Veistu hvers vegna þú ert „bara“ áheyrnarfulltrúi? Forseti svarar að hún sé ekki með það á hreinu og að hún telji að þetta sé ekki þannig hópur að verði teknar ákvarðanir þar sem reynir á atkvæðisrétt.

Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs er í vinnslu og er stefnan að taka hana fyrir á næsta fundi Stúdentaráðs.

Skýrsla um stefnumótunarferð SHÍ: er tilbúin og verður gerð aðgengileg á heimasvæði ráðsins sé þess óskað.

- viii. Rake! Anna: Hvað þarf maður að gera til að nálgast skýrsluna?

Forseti svarar að það dugi að senda henni línu.

Loftslagsverkfall: SHÍ er eitt af skipuleggjendum loftslagsverkfallsins og er Maggi Snorrason okkar tengiliður þar. Ef einhver hefur áhuga á að taka virkan þátt í skipulagningunni þá er það meira en velkomið.

- ix. Það hefur dregið aðeins úr virkni SHÍ í skipulagningu verkfallsins vegna anna en við viljum bæta í þetta. Maggi er okkar tengiliður en öll hjálp er vel þegin. Við hvetjum sem flest til að mæta og sýna þessu máli stuðning.

STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS FUNDARGERÐ

Afsláttarkort SHÍ: Til skoðunar er að útfæra í samstarfi við Nova „afsláttarkort SHÍ”. Kortið mun ekki koma í stað háskólaskírteinisins heldur aðeins auðvelda stúdentum að nýta sér afslætti sem SHÍ reddar hjá samstarfsaðilum.

Fréttir frá FS

- x. Stækka leikskólann Leikgarð. Börn af Leikgarði farin yfir á Mánagarð. Um áramótin munu svo börn af Sólgarði fara yfir á Leikgarð. Þá mun hefjast handa að gera íbúðarhúsnæði í gömlu húsakynnum Sólgarðs. 113 íbúðir í Sögu tilbúnar í febrúar. Skerjafjörðurinn enn þá spurningamerki. Ef þetta tefst áfram þá er ekkert annað á borðinu hjá FS fram að 2025 skv. viljayfirlýsingum. Pælingar um lágvöruverslun hefjast þegar að stækkun Leikgarðs er lokið.
- xi. Rakel Anna: spyr um leikskólarýmin og Rebekka svarar að þau verði um það bil jafn mörg eftir stækkun.

Jón Atli Benediktsson Rektor, Isabel Alejandra Díaz og Steinunn Gestsdóttir mæta 17:23

Næstu fundir Stúdentaráðs: Á meðan fundi stendur verður könnun send út til að kanna hvaða vikudagur hentar Stúdentaráðsliðum best til að funda.

Mánaðarlegir pistlar forseta: Hafa tafist vegna veikinda en von bráðar mun einn sumar-pistill koma inn á heimasvæðið á Sharepoint.

Akademían að koma út

- xii. Forseti hvetur alla til að benda fólki á þetta töl til að upplýsa nýja nemendur um praktísk atriði

Myndataka. Við verðum að ná þessum myndum til að ná að vekja athygli á Októberfest. Gera allt sem þið getið til að mæta. Flottar myndir frá fagaðila.

- xiii. Lilja: Er búið að ákveða staðsetningu fyrir myndatökuna? Forseti svarar játandi og að staðsetningin sé Háskólatorg.

4. Stefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026 (kynning og umræður) 17:26

University of Iceland's policy for the period 2021-2026

Maggi Snorrason mætir 17:30

Jón Atli Benediktsson rektor HÍ og Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektor kennslu og þróunar kynna stefnu háskólans HÍ26.

- i. Stefnan samþykkt 2021, innleiðing í fyrra. gekk mjög vel. Markmiðið er að gera háskólann betri og þess vegna er aðkoma SHÍ gríðarlega mikilvæg. Hægt að finna allt kynningarefnið á hi.is undir „stefna”.
- ii. Rektor: Það eru 3 leiðarljós Gæði-Traust-Snerpa. Snerpa snýr að því að ryðja hindrunum úr vegi. 4. áherslur.

1. Opinn og alþjóðlegur 2. Sjálfbærni og stöðugleiki 3. Grunnur gæða

4. Góður vinnustaður. Undir hverri áherslu eru markmið sem dýpka hverja áherslu (á glærunum). Tveir straumar breytinga - starfsáætlanir fyrir fræðasviðin og svo verkefnastofnar. Það þýðir ekki að ákvarðanir fyrir stór verkefni séu einungis teknar ofan frá og leka svo niður ferlið í skólanum. Það þarf líka að hugsa um að verkefnin komi frá deildunum og stúdentum. Gera betur í þessu en í HÍ21 til þess að takast á við vandamál sem eru í skólanum. Verkefnastofnar eru stór verkefni sem taka jafnvel mörg ár að vinna að - 10 talsins. Fyrir hvern verkefnastofn er skilgr. ábyrgðaraðili sem stýrir þessu en það er tryggt í ferlinu að allir vinni að þessu í sameiningu - áhersla er lögð á að tala um vandamálin. Samtalið er öflugra en áður.

Fyrsta ár innleiðingar - peningar fylgja verkefnunum og verkefnin eru sett í forgang í fjárhagsáætlunum. Stefnufulltrúar ráðnir á hvert fræðasvið sem vinna náið með svæðismönnum að innleiða stefnuna. Rafrænt stefnubókhald - áður á excel skjölum - kerfi sem heitir Disecta.

Steinunn: á innri og ytri vef eru öll plögg og kynningar frá okkur Jóni. Við erum alltaf til í samræður og fundi.

Stúdentar hafa virka aðkomu í þessari stefnu. Þegar að drög að þessari áherslu var lögð fyrir þá fékk rödd stúdenta mikinn hljómgrunn. Mikilvægt að koma að tala um innleiðinguna. Mikilvægt að við séum með í því Samtali. Verkefnastofnarnir 10 - risastór verkefni. Mikilvægt að við vitum af þessum tveimur straumum breytinga. Við viljum heyra frá ykkur sérstaklega í haust þegar að fjárhagsáætl. eru undribúnar í haust. Höfum verið að taka saman helstu áherslumál mismunandi hagaðila. Starfsfólk, nemendur, ytri aðilar. „Glærun“. Innviðirnir sem þarna undir falla. Stafræn umbylting þjónustu - flóknasti og dýrasti verkefnaliðurinn sem við ráðumst í. Ekki bara stafræn heldur hönnuð út frá þörfum nemenda. Viljum fá þrýsting frá ykkur til að ná þessu fram sem og sjálfbærnihlutanum. Samkv. Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna gæti þetta [sjálfbærni samfélaga] verið betur útfært. Heimsmarkmiðunum verða ekki náð nema með virki aðkomu Háskólans. Sjálfbærnisnefnd skólans ber ábyrgð og nú er verið að gera fyrstu skýrslu. Við vonum að þetta kortleggi árangur og úrbætur. Akkerisfundurinn svokallaði - yfir 140 stjórnendur m.a. Rebekka og Isabel. Gert upp gengi síðustu 12 mánuðina og lagðar línurnar fyrir framtíðinni.

Frekari uppl. um þetta má finna á netinu. Eindregin áhersla á góður vinnustaður - skýr skilaboð. Stór liður í því er mannauður og starfsgleði og það þarf að leggja mikla áherslu á það.

Isabel: Höfum verið að skoða hvernig hægt er að tryggja aðkomu stúdenta að stefnunum. Stúdentar eiga að finna fyrir smá ábyrgðartilfinningu því við erum öll í þessu saman með einum eða öðrum hætti. Gott og skilvirkt samstarf. Meginspurningar “Glærur”. Meginspurningin - hvernig náum við árangri saman? Að bera saman markmið þessarar stefnu við áherslur stúdenta. Tillögurnar frá stúdentum “glærur”. Verkefnið getur verið lifandi því listinn er ekki tæmandi. Þetta verður vonandi tilbúið í næsta mánuði - er að skoða lokaorð.

iii. Opnað fyrir umræður:

1. Lilja : Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að stúdentar komist frekar að þessari forgangsröðun?

Rektor: Kortlagning Isabel og að vera í góðu samtali.

Akkerisfundirnir og samtölin eru leiðin. Saman munum við ná árangri. Við erum hérna því hér eru nemendur, án nemenda væri enginn háskóli. Áherslur verða ekki ósnertar að 2025.

Steinunn: Í gegnum svona samtöl erum við að ræða

forangangsröðunina. Mikilvægur liður í að vita hvar þunginn er.

Verkefni Isabel er mjög sniðugt til að formgera þetta. Stúdentar eiga að hafa rödd um svona mál og eiga ekki að hika. Saman munum við ná árangri. Við erum hérna því hér eru nemendur, án nemenda væri enginn háskóli.

2. Rake! Anna: Hver er lokaafurðin af þínu [Isabel] verkefni?

Isabel: Í rauninni að kortleggja þetta til að geta svarað svona

spurningum mun auðveldar. Hvernig tryggjum við það að rödd hins almenna stúdents heyrir en ekki bara kjörinna fulltrúa á

akkerisfundum og öðrum vettvöngum. Sameiginleg markmið

háskólasamfélagsins komið í kjarnann þannig að úr verður eins konar handbók.

Rektor bætir við að hann var smeykur við þetta verkefni til að byrja með því mögulega voru fyrirmælin óljós og mikið frelsi. Hins vegar er hann mjög stoltur af Isabel og hrósar henni fyrir mjög vel unnin

störf - virkilega vel gert.

Isabel: Það er óhjákvæmilegt að skjalið verði lifandi og taki breytingum. Hins vegar er alltaf sami haldbæri grunnurinn og kjarninn.

Rebekka: hvar verður þessi vinna aðgengileg?

Rektor: erum ekki búin að ákveða en gerum þetta eins opið og við getum.

3. Andri: Eru þessir verkefnastofnar kortlagðir með tímalínum?

Steinunn: Þetta er einmitt ekki ákveðið fyrir fimm ár því það þarf sveigjanleika og valdeflingu þeirra sem eru að sjá um þetta með ábyrgð. Skipt í smærri markmið (oftast 1 ár)

4. Maggi: Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að verkefnin komi neðan frá en ekki að ofan?

Rektor: Nú erum við að horfa á starfsemi deildanna en ekki bara að ofan. Við viljum takast á við verkefnin þarf sem þau koma upp og beita fyrrnefndri SNERPU. Við höfum t.d. QIF sjálfsmatsskýrslurnar. Þetta getur breyst á hverju ári en við viljum að þetta komi frá einingunum. Getum fjölgað fulltrúum stúdenta á Akkerisfundum, þeir eru eiginlega of fáir.

Steinunn: Við vitum að sjálfsmatið virkar ef allir taka þátt og þess vegna þarf að nýta það. Fræðasviðin hafa öll sett sér sýn til nokkurra ára.

Klapp fyrir komu gestanna sem yfirgefa fundinn 18:13

5. Kjör í stjórn í Stúdentasjóðs (*atkvæðagreiðsla*) - 18:13

Vote to the board of the Student Fund

Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs skv. 2. gr. laga sjóðsins. Stúdentaráð skal skipa fulltrúana á Stúdentaráðsfundi fyrir 15. september ár hvert og sitja fulltrúarnir í stjórn sjóðsins í eitt ár.

i. María Sól fráfarandi forseti stjóðsstjórnar fer örlítið yfir starfið stjórnar stúdentasjóðs.

1. Maggi: Hvernig nýta nemendafélög sjóðinn?

María: svarar að þau geti fengið höfðatölustyrk og svo séu viðburðastyrkir sér.

Fylkingarnar tilnefna einn fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs.

- ii. Röskva tilnefnir Árna Þór Sörenssen.
- iii. Vaka tilnefnir Viktor Pétur Finnsson
 - a. Atkvæðagreiðsla
 - b. 16 samþykki
 - c. Tilnefningar Stúdentaráðs í stjórn Stúdentasjóðs einróma samþykkt.
- iv. Rakel Anna: Er gert ráð fyrir hvað verður gert ef önnur fylking bætist við og fulltrúarnir verða 8?

Rebekka: SHÍ tilnefnir bara tvo aðila óháð fjölda fylkinga en fyrst aðeins tvær fylkingar hafa verið ráðandi hefur myndast hefð fyrir því að sitthvor fylkingin tilnefni fulltrúa.

6. Hlé -18:19

Intermission

Jóna Guðbjörg, forseti fjölskyldunefndar mætir 18:30

Roman Chudov yfirgefur fundinn 18:30

Fundur heldur áfram 18:32

7. Niðurstöður stefnumótunarferðar - framkvæmdaáætlanir fastanefnda 18:30-19:20 (umræður og atkvæðagreiðsla)

Vote on the Student Council's committees implementation plans

Umhverfis- og samgöngunefnd

Dagmar: Fórum rétt yfir helstu málin. Annað hvort stór langtímamarkmið eða árlegir viðburðir svo það er lítið um breytingar frá fyrra ári. Bæta samgöngumál - áhersla fjölbreyttar samgöngur. Það á að vera auðveldast að komast í Háskólann á vistvænan máta og liður í því er að reisa yfirbyggðar læstar hjólageymslur og hafa hleðslustöð rafbíl og að fá meiri grunnþjónustu inn á svæðið. Við erum með markmið sem snúa að því að auka umhverfisvitund nemenda og starfsfólks. Við munum nýta t.d. vikurnar okkar og Græna nýnemadaginn til þess. Svo er fullt af öðru á döfinni - Matarsporið, betrubæta flokkunarkerfi skólans, blindraletursmerkingar á flokkunartunnur, stuðla að minni pappírnotkun, grænfánaverkefnið. Maggi tengiliður nefndar og undirnefnda. Tryggja HÍ grænfánann á ný.

- i. Lilja: Er restin af áætluninni undir ábyrgð nefndanna eða er verkefnaskipting?
Dagmar: Það er óljós skipting en það eru mörg mismunandi verkefni þannig

STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS FUNDARGERÐ

við tökum þau flest í sameiningu en annars getur þetta líka farið eftir áhugasviði t.d. er Maggi í loftslagsmálunum o.s.frv.

1. Atkvæðagreiðsla
2. 16 samþykki
3. Framkv.áætlunin Umhverfis- og samgöngunefndar einróma samþykkt

Dagmar Óladóttir yfirgefur fund 18:40

Fjölskyldunefnd

Jóna Guðbjörg: Leikskóla- og gæslumál. Viljum kanna hver staða leikskóla er. Kanna hvort það sé grundvöllur til samstarfs. Opna á aukið samstarf við foreldrafélög sem eru í leikskólunum. Okkur langar að gera HÍ fjölskylduvænni með því að gera þeim kleift að koma með börnin inn í rými án þess að hafa áhyggjur að eitthvað skortir þar, t.d., skiptiborð og hafa þau ekki bara á kvennaklósettum. Fjölskylduvæn lesherbergi - hugsanlega hægt að koma upp svoleiðis. Við viljum ekki koma að lokuðum dyrum þegar við þurfum að læra eins og aðrir. Börn geta ekki setið upprétt þannig að stólar með festingum á döfinni? Möguleg barnasvæði að fyrirmynd Smáralindar og Kringlunnar sem eru barnvænni en t.d. HT. Viljum fá yfirlit yfir hvernig staðan er með skyldumætingu núna - prófataka um helgar og annað er varðar viðveru. Mögulega hægt að merkja að maður sé foreldri á þjónustuborðinu til að eiga rétt á 'afsökunum'. Þetta yrði unnið í mikilli samvinnu með kennslumálanefnd. Við ætlum að vera aktív í viðbuðrahaldi. Októberfest, fjölskyldudagar, fjölskyldubíó, fengum hugmynd að hafa skiptamarkað þannig að jólasveinninn geti reddað jólagjöfum, kahoot viðburðir fyrir fjölskyldur úti á landi. Hittingar fyrir fjölskyldur, kaffi kleinur og mingl, Íþróttaskólinn, Samfélagsmiðlarnir.

- ii. Maggi: Hversu mörg í háskólanum eru foreldrar? Jóna: $\frac{1}{3}$ af háskólanemum Íslands eru foreldrar. Geri ráð fyrir $\frac{1}{3}$ í HÍ þar sem hann er ekkert sérstakur í fjarkennslu og þar með ekki mjög fjölskylduvænn.

1. Atkvæðagreiðsla
2. 15 samþykki
3. Framkv.áætlun Fjölskyldunefndar einróma samþykkt

Kennslumálanefnd

Rakel Anna: Ætluðum að gera stefnuna mjög einfalda. Skiptist upp í það sem á að koma á framfæri vs. það sem á að framkvæma til að auka skilvirkni. Kennsla - samtal við kennara um jafnrétti til náms. Allir fyrirlestrar ættu að vera aðgengilegir út önnina. Skil verkefna, fjölbreyttir kennsluhættir. Pælingar að matskvarða - skýr leið

fyrir okkur og nemendur og kennara til að sjá hvers er ætlað til af þeim. Spennandi að gera könnun fyrir kennara en hún er viðamikil þannig mögulega þurfum við samstarf til þess. Verðum í samstarfi við viðeigandi nefndir með sum verkefni.

iii. Brynhildur: Uppþökupróf á FVS, var það samþykkt að það yrði gert á haustmisseri?

Rebekka svarar: Já, samþykkt á háskólaráðsfundi að gera breytingar á kennsluálfmanaki þannig að það yrði samræmt. Tillaga félagsvísindasviðs að útfærslu var hins vegar ekki samþykkt þannig að það þarf ennþá að fylgja þessu eftir.

1. Atkvæðagreiðsla
2. 15 samþykki
3. Framkv. áætlun kennslumálanefndar einróma samþykkt

Jafnréttisnefnd

Jón Ingvi kynnir framkvæmdaáætlun: Við byggðum á hugmyndum sem voru í fyrra einnig. Aðgengismálin eru stór þáttur. Mikilvægt að eitthvað sé gert í málunum sem þarf að bæta og má þar til dæmis nefna - kynlaust mál, ókyngreind salerni innan HÍ og hinseginfræðslu fyrir kennara. “Skjal” Ekki tæmandi listi endilega og ef upp koma mikilvæg málefni þá tæklum við þau „with the flow”.

iv. Rakel Anna: Sami punktur í kennslumálanefndinni sem sýnir mikilvægið og við erum spennt fyrir komandi starfsári.

1. Atkvæðagreiðsla
2. 15 samþykki
3. Framkv. áætlun Jafnréttisnefndar einróma samþykkt

Félagslífs- og menningarnefnd

Guðríður: 6 viðburðir yfir árið. SHÍ vísó - stefnan að klára þetta fyrir áramót svo að nemendur kynnist SHÍ sem fyrst. Ölympíuleikarnir til að fá fólk fyrir inn á svæðið á Októberfest. Nýnemamótið stefnum að halda það 8. september. Partybingóið - janúar 2023. Vísindaferð samstarfsaðila - kemur frekar á hreint síðar. Fyndnasti háskólaneminn 3 viðburðir - 2 undankvöld og 1 úrslitakvöld - stefnan að hafa þetta í lok mars/byrjun apríl mögulega. Mögulega karaoke á kjallaranum, mögulega útilega.

v. Maggi: Kom eitthvað til umræðu hvernig væri hægt að ná til fólks sem drekkur ekki?

Guðríður: Mjög góð ábending.

Rebekka: Flestir af þessum viðburðum henta vel fyrir fólk sem drekkur ekki.

1. Atkvæðagreiðsla

2. 15 samþykki
 3. Framkv.áætlun Félagslífs- og menningarnefndar einróma samþykkt Forseti þakkar forsetum nefndanna fyrir kynningarnar og bendir á að þær verða inn á vefnum student.is. Bera undir stúdentaráð ef það eru breytingatillögur.
8. Vísindaferðir í Stúdentaráð (*atkvæðagreiðsla*) 19:20-19:25
- Vote on a proposal for Informational visits to the Student Council*

Stúdentaráðsfundur

22. ágúst 2022

- T I L L A G A -

Vísindaferð Stúdentaráð Háskóla Íslands

Lagt er til afgreiðslu að Stúdentaráð Háskóla Íslands haldi fjórða skólaárið í röð vísindaferð líkt og samþykkt hefur verið síðustu þrjú árin. Vísindaferð er haldin í þeim tilgangi að auka sýnileika ráðsins og kynna störf þess, réttindaskrifstofunnar og sviðsráðanna fyrir stúdentum Háskóla Íslands. Þá er lagt til að fimm vísindaferðir verði haldnar, ein fyrir hvert fræðasvið.

Rökstuðningur

Ætlunin er eins og fyrir segir að fá sem flesta stúdenta til að sækja viðburðinn og því er lagt til að fimm vísindaferðir verði haldnar líkt og gert var í fyrra, ein fyrir hvert fræðasvið. Er það gert með það í huga að fleiri geti sótt viðburðinn sem og hægt sé að kynna sviðsráð á sama tíma. Þá er líka mögulegt fyrir nemendafélög að sleppa því að bjóða upp á vísindaferð og hvetja sitt félagsfólk til að skrá sig, en miserfitt er að bóka vísindaferðir fyrir nemendafélög og fjölmenna. Líkt og í vísindaferðirnar sem haldnar voru sl. þrjú ár verða 150 pláss í boði og svo opið á biðlista.

Skrifstofu Stúdentaráðs og Félagslífs- og menningarnefnd er falið að halda utan um skipulag, mætingu og auglýsingu á viðburðinn í samstarfi við viðeigandi sviðsráð. Stúdentaráð og Félagslífs- og menningarnefnd sjái um að útbúa ákveðinn „grunnpakka“ þar sem jafnræðis á milli sviða verður gætt, en sviðsráðunum verður svo heimilt að útfæra og bæta við eftir sínu höfði. Viðburðurinn yrði með

svipuðu sniði og áður: kynning á Stúdentaráði, pubquiz, veglegt happdrætti í samráði við samstarfsfyrirtækin okkar o.s.frv. Að auki yrði kynning á sviðsráði hvers sviðs fyrir sig (ef vísó fyrir HVS, þá kynni sviðsráð HVS!). Viðræður við Nova um aðkomu standa yfir og mun skrifstofan fara í það, en síðast kom góð niðurstaða í þau mál. Árin 2019 og 2020 var boðið upp á franskar og hnetumix en vegna samfélagsástandins var það ekki gert árið 2021. Lagt er til að skrifstofu Stúdentaráðs verði veitt heimild til kaupa veitingar og annað tilheyrandi sem fylgir hefðbundnum vísindaferðum nemendafélaga. Gerð yrði fjárhagsáætlun sem yrði lögð fyrir stjórn Stúdentaráðs til samþykktar áður en útgjöld yrðu staðfest.

Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Guðríður Elísa Pétursdóttir, forseti félagslífs- og menningarnefndar SHÍ

Lilja: Mjög spennandi og skemmtilegt.

Maggi vekur athygli á að bjóða líka upp á óáfengar veitingar. Forseti sammála.

- a. Atkvæðagreiðsla
- b. 15 samþykki
- c. Tillagan **einróma samþykkt**

9. Önnur mál 19:25-19:30

Other issues

- a. Okkur barst tillaga sem krefst kosningar.
- b. Kosning um að taka hana fyrir og ræða.
15 samþykki
- c. Tillagan er því borin upp
- d. Lilja mælir fyrir tillögunni fyrir hönd Dagmarar og Elísabetar Unnar

Stúdentaráðsfundur

22. ágúst 2022

- T I L L A G A -***Um fjölgun yfirbyggðra hjólaskýla við byggingar Háskóla Íslands og bættum hjólastígum á háskólasvæðinu***

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að viðunandi geymslupláss fyrir reiðhjól séu við hverja byggingu við Háskóla Íslands, t.d. yfirbyggð hjólaskýli eða læstar geymslur fyrir stök reiðhjól. Einnig leggja undirritaðar til að Stúdentaráð beiti sér enn fremur að bættum hjólastígum á háskólasvæðinu. Stúdentaráð beitir sér nú þegar fyrir því að efla vistvænar samgöngur á háskólasvæðinu, og telja undirritaðar að þetta yrði stórt skref í átt að því markmiði.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Þann 12.-22. september fer átakið hjólað í háskólann fram innan Háskóla Íslands. Undirritaðar fagna því og krefjast samhliða áttakinu að aðstaða hjólandi fólks við háskólann verði bætt. Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ hefur unnið að bættum lausnum fyrir hjólreiðafólk háskólans undanfarin ár, t.a.m. með áttakinu hjólaðu í háskólann, vitundarvakningu um virka ferðamáta og þrýst á bættu aðstöðu fyrir hjólaafólk.

Í stefnu SHÍ, sem var samþykkt á stúdentaráðsfundi í maí 2022, er kafli sem einblínir á samgöng- og skipulagsmál. Kafli 8.3 snýr að örflæðilausnum í samgöngumálum og stendur þar eftirfarandi “Yfirbyggð hjólaskýli og góð aðstaða fyrir þau sem kjósa að ferðast milli staða hjólandi eða gangandi verður að vera til staðar í húsakynnum skólans, ásamt deilihjóra og rafhlaupahjólalausnum.” Eins og staðan er núna eru tvö yfirbyggð hjólaskýli á háskólasvæðinu, hjá VR-II og Lögbergi en þessi hjólaskýli voru reist í kjölfari þess að umhverfis- og samgöngunefnd beitti skólayfirvöld þrýstingi um bættu aðstöðu hjólreiðafólks við háskólann. Háskólasvæðið er stórt og þessi aðstaða nýtist því ekki nema litlum hluta þeirra stúdenta og starfsfólks sem koma á hjóli. Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg réðust þá í samvinnuverkefni um háskólasvæðið í lok 2020 og var markmið verkefnisins að skapa heilsteypta framtíðarsýn fyrir háskólasvæðið. Í 4. kafla skýrslu¹ sem gerð var vegna verkefnisins er fjallað um tíu einkenni farsælla háskólasvæða en þar kemur fram að fjölbreyttar vistvænar samgöngur einkenni farsæla háskólagarða. Þar kemur einnig fram að

stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur ásamt yfirbyggðum hjólaskýlum séu hluti af þeim innviðum sem falla undir vistvæna samgöngukosti.

Ljóst er að með þéttingu byggðar á háskólasvæðinu, þarf að draga úr bílaumferð sem þverar svæðið, þess í stað verða að vera viðunandi úrlausnir fyrir vistvænar samgöngur.

Undirritaðar telja að fleiri lausnir fyrir þau sem kjósa að fara hjólandi á milli staða myndu vera hvatning fyrir nemendur og starfsfólk við háskólann til þess að nýta sér þann kost að hjóla í skólann.

Dagmar Óladóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Elísabet Unnur Gísladóttir, meðlimur í umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Stúdentaráðsfundi 22. ágúst 2022

- e. Atkvæðagreiðsla
- f. Niðurstöður: 15 samþykki
- g. Tillagan er **einróma samþykkt**

10. Bókfærð mál

Recorded issues

- a. Fyrir ráðið verða lögð bókfærð mál. Samkvæmt d-lið 11. gr. laga Stúdentaráðs:
- b. Nýr fulltrúi í félagslífs- og menningarnefnd SHÍ
 - i. Úr félagslífs- og menningarnefnd segir sig Sylvía Rut Jóhannesdóttir. Í hennar stað tilnefnir Röskva Ármann Leifsson.

11. Fundi slitið 19:20